# Sveinn Víkingur, bréf 15. Desember 1932 og 24. Febrúar 1933

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Bréf – Séra Sveinn Víkingur – Kirkjumálaráðherra

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-2, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 24.febrúar 1933

Séra Sveinn Víkingur

Dvergasteini.

Háttvirti herra.

Út af bréfi yðar frá 15. des. 1932 vil eg taka þetta fram:

Við fljótlega athugun á frásögn yðar sýnist mér í bestu samræmi x við l. 63. 1931 19.gr., að yður verði gert að greiða afgjald skv. aðferð nr. 2 í bréfi yðar. þ.e., að byggingarkostnaður verði talinn 15000 kr. og greiðsla af þeim hluta verði reiknuð skv. 3.gr., en viðbyggingar- og endurbótakostnaður verði talinn 7000 kr., og afgjald af þeim hluta þá reiknað skv. 18.gr.-- Mér virðist þér ekki eiga kröfu að lögum til xxx yður hagkvæmari meðferðar en þetta, en þó kynni málið að horfa öðruvísi við, ef þér gætuð sannað loforð fyrrverandi stjórnar um hagkvæmari skilmála. Sönnunarbyrðin á þessu hvílir vitanlega á yður. Svipað er og um það, að hafi endurbótakostnaður 1930 farið fram úr áætlun húsameistara, en inn á það farið þér ekki í bréfi yðar, þá munduð þér e.t.v. eiga bótakröfu skv. 6.gr. en sönnun fyrir tilvist slíkrar kröfu yrðuð þér og að færa.

Virðingarfylst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðtekið: [illegible] Svarað [illegible]

Dvergasteini, 15. des 1932.

Kæri frændi!

Af því að ekki gat orðið fullt samkomulag milli mín og kirkjumálaráðherra um daginn um afgjald mitt af prestsseturshúsinu hér, þá tók eg það ráð að skrifa allmörgum lögfræðingum og biðja um álit þeirra á málinu. Eitt slíkt bréf sendi eg nú til þín. Eg vil hvorki gjöra ólögmætar né ósanngjarnar kröfur til stjórnarinnar í þessum efnum, en eg ætlast líka til þess af henni, að hún láti mig ná rétti mínum. Þess vegna vil eg vita um álit ykkar, hinna lögfróðu manna, um það, hvað þið teljið rétt vera og lögum samkvæmt í þessu efni.

Ef til vill hefðir þú tækifæri til þess að bera þetta mál undir aðra prófessora lagadeildarinnar, og þætti mér orðið að því mikill stuðningur, að fá einnig þeirra álit.

Nr. 3 í bréfinu hefir verið aðalkrafa mín til stjórnarinnar. Eg tel að stjórnin hefði átt að sækja fráfarandi prest til ábyrgðar fyrir það hve bygging hans á húsinu var í alla staði herfileg. Og úr því hún gjörði það ekki, þá lít eg svo á, að henni hafi borið, eins og hverjum öðrum húseiganda sem leigir hús sitt, að leggja fram fé til þess að gjöra það byggt og íbúðarhæft. Og þetta hefir líka stjórnin gert, að vísu með miklum eftirgangsmunum og semingi, og með því að þvinga út úr mér ýmiskonar framlög til þeirra aðgerða. Það var líka skýlaust loforð til mín frá þáverandi kirkjumálaráðherra Jónasi Jónssyni að styrkur minn til viðbygginga og aðgerða alls kr 5000.00, skyldi vera afgjalds og kvaða-laus, ef eg legði út í þá byggingu sem

húsameistari hafði áætlað á Kr 1500.00, og geta það að vera ekki talist neinn viðarkjör. Ég tel mig því hafa verið herfilega ginntan til þessarar byggingar, ef nú á að fara að krefja árgjalds af þessum framlögum. En afgjalds er raunverulega krafist af þessum framlögum nú ef árgjald er reiknað hærra en af húsi sem kostar kr. 15000.00 En það afgjald er samkv. 2. og 3 gr l. nr. 63. 1931: 4% af (15000.00 ÷ 12000.00) = Kr. 120.00. Allt afgjald fram yfir það hlýtur að stafa af því, að stjórnin rjúfi gefin heit og krefjist vaxta af þeim styrk sem veittur var kvaðalaus með öllu.

Auk þess lít ég svo á, að viðgerðin á húsinu 1926. sem ég get um í bréfinu hafi verið of há, því húsið var þá þegar orðið fúið og hálfónýtt. Og á það sama bendir það að í sumar, þegar húsið er virt til brunabóta, þá er það þrátt fyrir allar aðgerðir og stækkun, ekki metið meira en kr. 14125.00. Allt framlag ríkisins til endurbóta hússins kr. 2000.00, hefir því ekki nægt til þess að gera húsið þess virði, sem upphaflega var lagt út af stjórninni til hinnar allmislukkuðu byggingar eða kr. 15000.00. Ég hygg því að stjórnin eigi að kenna sjálfri sér um misfellurnar, og bera sjálf hallann af þeim og megi vera fullsæmd af því að fá af þessu húsi sama afgjald og þeim húsum sem hún nú lætur byggja á prestsetrum fyrir 15000.00 kr, þ.e. kr. 120.00.

Með bestu kveðju
Þinn einl.
Sveinn Víkingur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dvergasteini, 15 des. 1932.

Hr. prófessor Bjarni Benediktsson
Reykjavík.

Vegna lítilsháttar ágreinings milli mín og kirkjumálaráðuneytisins um afgjald prestsseturshússins á Dvergasteini langar mig að mega leita um álit yðar sem lögfræðings á því, hversu mikla upphæð mér beri nú árlega að greiða af nefndu húsi samkvæmt hinum nýju lögum um hýsingu prestssetra (l. nr. 63 1931)

Til skýringar vil eg taka fram eftirfarandi.

Prestsseturshúsið á Dvergasteini er byggt 1923 af þáverandi presti sra Birni Þorlákssyni. Það er byggt samkvæmt teikningu húsameistara ríkisins, og lagði ríkissjóður fram til byggingarinnar kr 15000.00.

Ár 1926, er mér hafði verið veitt prestakallið, er, eftir beiðni minni, hús þetta skoðað og virt af 5 dómkvöddum mönnum. Töldu þeir húsið vera of lítið, vera óhæft til íbúðar vegna raka, þurfa mikilla aðgerða og vera hæfilega virt á kr. 9000.00. Sendi eg álitsskjalið ráðuneytinu, en fékk þó enga ívilnun í afgjaldi. Nokkru síðar veitti stjórnin þó kr. 2000.00 aðallega til miðstöðvarlagningar. Loks veitti svo stjórnin 1930 alls kr. 5000.00 til endurbóta og viðbyggingar hússins, en þá viðbygging hafði húsameistari áætlað á kr. 7500.00. Stækkaði eg þá húsið, og varði til þess allmiklu af eigin fé.

Aldrei hefir ríkið krafist vaxta eða neinnar greiðslu af því fé, samtals kr. 7000.00, er það hefir lagt fram til endurbóta og viðbyggingar hússins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við útreikning afgjalds af húsi þessu nú samkv. l. nr. 63 1931 virðist einkum þrennt geta komið til álita.

1. Að allur kostnaðurinn kr. 15000.00 + 2000.00 + 5000.00 = 22000.00 sé talinn byggingarkostnaður, og greiðsla reiknuð samkv. 2 og 3. gr þannig: 4% (22000.00 ÷ 12000.00) = kr. 400.00, sem þó ákvæði 19. gr mundi lækka í kr. 320.00 (hámarksgreiðsluna) að viðbættu fyrningargjaldi

2. Að byggingarkostnað beri aðeins að telja kr. 15000.00 en kr. 7000.00 skoðist sem kostnaður við viðbygginu og endurbót svo sem 18. og 19. gr. gjöra ráð fyrir

Árgjald yrði þá: 4% (15000.00 ÷ 12000.00) = kr. 120.00

En af hinni upphæðinni kr. 7000.00 teldust 2/3 styrkur skv. 18. gr., en 1/3 lán með 4½% árgjald af því: 4½ (kr. 2333.33) = 105.00 kr.

Árgjald alls: kr. 120.00 + 105.00 = kr. 225.00 auk fyrningargjalds.

3. Að byggingarkostnaðurinn einn kr. 15000.00 sé talinn afgjaldsskyldur samkv. 2. og 3. gr með kr. 120.00, en hinn styrkurinn kr. 7000.00 haldist framvegis eins og hingað til afgjalds og kvaðalaus, skaðabætur sem uppbót fyrir það, að eg var neyddur til, við veitingu brauðsins, að taka við áhöfn húsi fyrir fullt afgjald, svo sem væri það 15. þús kr. virði, enda þótt óvilhallir menn ekki gætu metið það meira en 9000.00 kr. og stjórnin aldrei viðurkennt þá virðingu.

Mér væri mikil þökk á því, að fá svör yðar og álit við fyrstu hentugleika, svo eg geti stuðst við það í væntanlegum fullnaðarsamningum við stjórnina um þessi mál.

Virðingarfyllst.

Sveinn Víkingur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur